

Heimilt er að meta háskólanám til launa þegar námi er lokið en brautskráning hefur ekki farið fram

Samkvæmt almennum ákvæðum í kjarasamningum háskólamenntaðra starfsmanna sveitarfélaga er meginreglan sú að starfsmaður þarf að hafa lokið háskólanámi og lagt fram fullnægjandi gögn því til staðfestingar til hægt sé að meta námið til launa. Ágreiningslaus framkvæmd þessara ákvæða hefur til þessa verið sú að líta einungis á prófskírteini frá viðkomandi háskóla sem fullnægjandi gögn.

Undanfarin ár hafa íslenskir háskólar almennt fækkað árlegum fjölda brautskráningarathafna úr þremur í eina eða tvær. Þar sem prófskírteini eru eingöngu gefin út við brautskráningar eru dæmi um að nemendur, sem lokið hafa námi, hafi þurft að bíða mánuðum saman eftir prófskírteinum sínum.

Til að mæta þessum aðstæðum hefur Kjarasvið Sambands Íslenskra sveitarfélaga ákveðið að heimila eftirfarandi frávik frá fyrrgreindri meginreglu um framkvæmd launasetningar vegna háskólanám.

Heimilt er að meta háskólanám til launa, sem starfsmenn hafa sannanlega lokið, þrátt fyrir að prófskírteini hafi ekki enn verið gefið út, gegn framvísun:

- Vottorðs frá viðkomandi háskóla sem staðfestir að lokaprófi í skipulögðu námi sé að fullu lokið ásamt upplýsingum um prófgráðu og heildarfjölda eininga.
- Staðfestingar hvenær viðkomandi nemandi/starfsmaður sé skráður til brautskráningar.

Mat á lokaprófi á háskólastigi til launa gilda frá næstu mánaðarmótum eftir að starfsmaður skilar launadeildar/ launafulltrúa fullnægjandi gögnum er votta námslokinn.

Starfsmanni ber að skila afriti af prófskírteini til launadeildar/ launafulltrúa innan mánaðar frá brautskráningarathöfn.

Samband Íslenskra sveitarfélaga 24. janúar 2018